

Íbúaráð Miðborgar og Hlíða 16. desember 2024: Fulltrúi íbúasamtaka Þriðja hverfis, Samfylkingar, Viðreisnar, íbúasamtaka Miðborgar og foreldrafélaga leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hver er aðkoma Reykjavíkurborgar og heilbrigðisnefndar/eftirlits að útgáfu starfsleyfis Reykjavíkflugvallar? Hvernig verður mælingum á hljóð og loftmengun háttað í aðdraganda endurnýjaðs starfsleyfis? Mun óþörf umferð um flugvöllinn verða könnuð, svo sem skemmtiflug, þyrluflug og einkaflug, þar með talið snertilendingar, annað en áætlunarflug, kennsluflug og sjúkraflug, og afstaða tekin hvort slíkri flugumferð verði vísað frá flugvöllinum? Munu íbúar geta haft bein áhrif með umsögnum, kvörtunum vegna ónæðis af flugvöllinum í aðdraganda útgáfu fyrirhugaðs nýs starfsleyfis?

Greinargerð:

Nú liggur fyrir að við lok ársins 2024 mun starfsleyfi Reykjavíkflugvallar renna út. Því mun flugvöllurinn og/eða umsjónaraðili hans Isavia leita eftir nýju leyfi að öllum líkindum. Undirrituðum þykir mikilvægt að þeim spurningum sem hér fylgja verði svarað í aðdraganda endurnýjunar slíks starfsleyfis.